

Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b,  
105 Reykjavík

Garðabær, 25. júní 2025  
202506-0051/A.B.  
08.03

## Efni: Umsögn - Mat á umhverfisáhrifum – Matsáætlun Siglufjarðarvegur Skipulagsstofnun.

Vísað er í erindi Skipulagsstofnunar vegna matsáætlunar fyrir Fljótagöng og vegagerð á Siglufjarðarvegi sem barst 12. júní 2025. Í matsáætluninni er lýst fyrirhugaðri gerð jarðganga milli Nautadals í Fljótum og Hólsdals í Siglufirði, ásamt nýjum aðliggjandi vegum og endurbyggingu hluta núverandi vegar. Verkefnið er áformað innan sveitarfélaganna Skagafjarðar og Fjallabyggðar.

### Framkvæmdarlýsing

Í matsáætlun Vegagerðarinnar (hér eftir framkvæmdaraðili) kemur fram að fyrirhuguð framkvæmd felur í sér gerð nýrra jarðganga undir Siglufjarðarskarð, svonefnd Fljótagöng, ásamt nýjum aðliggjandi vegum beggja vegna ganga og endurbyggingu hluta núverandi Siglufjarðarvegur (76) í Fljótum. Gert er ráð fyrir um 5,2 km löngum jarðgöngum milli Nautadals í Skagafirði og Hólsdals í Fjallabyggð, auk nýrra tveggja akreina brúa yfir Brúnastaðaá, Fjarðará og hugsanlega Reykjaá.

Nýjar veglínur eru til skoðunar beggja vegna ganganna, annars vegar veglína A (alls 13,8 km) og hins vegar veglína B (alls 12,0 km), en hvor tveggja fela í sér bæði nýbyggingu og endurbyggingu vega. Endurbygging núverandi vegar er fyrirhuguð á 12 km kafla frá Stafá að Sléttuvegi (789) í Fljótum. Jarðgöngin og tengivegir munu leiða til styttingar leiðar um 14,5–16,3 km og fela í sér verulegar framkvæmdir á landi sem að hluta til nýtur sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum.

Framkvæmdin kallar á umfangsmikla jarðvinnu, efnistöku, haugsetningu, og uppsetningu vinnubúða og aðstöðu við gangamunna. Mögulegt rask nær til gróins lands, votlendis og svæða á náttúruminjaskrá. Tilgreindur framkvæmdatími er á árunum 2027–2030 og framkvæmdin er hluti af jarðgangaáætlun stjórnvalda.

### Náttúruminjaskrá

Í matsáætlun kemur fram að fyrirhuguð framkvæmd liggi um eða við tvö svæði sem skráð eru á náttúruminjaskrá: Miklavatn í Fljótum (nr. 428) og Fjalllendi milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar (nr. 423), einnig nefnt Hálendi Tröllaskaga. Framkvæmdaraðili tiltekur að áhrif á þessi svæði verði metin í umhverfismatinu, m.a. með greiningu á landslagi, vistgerðum og búsvæðum fugla.

Í greinargerð kemur einnig fram að fyrirhuguð framkvæmd muni „óhjákvæmilega raska verndarsvæðum óháð vali á veglínu“.

Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að í umhverfismati verði sérstaklega gerð grein fyrir því hvernig framkvæmdin hefur áhrif á verndargildi þeirra svæða sem skráð eru á náttúruminjaskrá og hversu miklar breytingar á ásynd, vistkerfum og tengslum við umhverfi þau munu sæta. Samkvæmt náttúruverndarlögum og 14. gr. laga nr. 111/2021 ber að rýna raunhæfa valkosti, þar með talið legu og umfang framkvæmdar, í því skyni að forðast eða draga úr áhrifum á verndarsvæði.

Að mati stofnunarinnar þarf að:

- Meta áhrif framkvæmdarinnar á Miklavatn og Tröllaskagafjalllendi sem verndarsvæði
- Greina hvort og hvernig framkvæmd muni rýra verndargildi þessara svæða, hvort sem er með beinni röskun eða breytingum á vistfræðilegum eða sjónrænum tengslum
- Koma með rökstuddar tillögur að mótvægisáðgerðum ef ekki verður komist hjá röskun

Að mati Náttúruverndarstofnunar er skýrt að til þess að mat á umhverfisáhrifum uppfylli markmið laga um náttúruvernd og mat á umhverfisáhrifum, þá verði að rýna sérstaklega þá valkosti sem rýra ekki verndargildi svæða á náttúruminjaskrá. Að mati Náttúruverndarstofnunar á það á að vera leiðarljós við hönnun og ákvörðun framkvæmdar.

### **Sérstök vernd náttúruverndarlaga**

Í matsáætlun kemur fram að fyrirhuguð framkvæmd muni raska votlendi í Fljótum sem fellur undir sérstaka vernd samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdin muni „óhjákvæmilega raska verndarsvæðum óháð vali á veglínu“. Þessi staðhæfing kallar á ítarlegt mat að mati Náttúruverndarstofnunar á því hvort nauðsyn sé á röskun, og hvort valkostir hafi verið skoðaðir sem hefðu í för með sér minni eða engin áhrif á votlendi.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Að mati Náttúruverndarstofnunar er brýnt að við mat á umhverfisáhrifum verði sérstaklega rýnt í eftirfarandi atriði:

- Mat á valkostum með það að markmiði að forðast röskun votlendis, sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga
- Rökstuðningur fyrir nauðsyn framkvæmdar á þessum stað, með tilvísun til almannahagsmuna og samspils annarra umhverfispáttá
- Tillögur að mótvægisaðgerðum og endurheimt í samræmi við skyldur samkvæmt 4. mgr. 61. gr.
- Greinargott mat á umfangi og gæðum þess votlendis sem fyrirhugað er að raska

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisaðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Náttúruverndarstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

## **Vistgerðir og gróður**

Í matsáætlun framkvæmdaraðila kemur fram að áhrif framkvæmdarinnar á vistgerðir og gróður verði metin í umhverfismati. Fram kemur að sérstök áhersla verði lögð á votlendi og viðkvæmar vistgerðir sem kunna að verða fyrir röskun vegna vegar, jarðganga og efnistöku. Einnig er fyrirhugað að kortleggja vistgerðir samkvæmt vistgerðaflokkun.

Náttúruverndarstofnun leggur ríka áherslu á að vistgerðir og votlendi sem njóta sérstakrar verndar verði tveir aðskildir umhverfispættir í umhverfismatinu.

Náttúruverndarstofnun telur jákvætt að greining vistgerða og mat á verndargildi verði hluti af umhverfismati. Hins vegar er ekki nægilega skýrt hvernig greiningin verður útfærð, hvert umfang hennar verður og hvort metið verði hvort vistgerðir séu á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar eða aðra alþjóðlega vernd.

Í 2. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skal stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða.

Náttúruverndarstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar<sup>1</sup> eru innan framkvæmdasvæðisins m.a. vistgerðin starungsmýravist<sup>2</sup> og grasmóavist sem eru með mjög hátt og hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Í starungsmýravist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), jaðrakan (*Limosa limosa*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti slíka vistgerð til varps.

Stofnunin ítrekar að samkvæmt náttúruverndarlögum og alþjóðlegum skuldbindingum Íslands ber að gæta sérstakrar varúðar við framkvæmdir sem hafa áhrif á vistkerfi með hátt verndargildi. Þetta á við um mólendi, graslendi, votlendi, mosa- og fléttusamfélög, en einnig gróður sem vex í jaðarsvæðum og við vatnsmörk.

Bakkagróður, þ.e. gróður sem vex meðfram ám og vötnum, nýtur verndar samkvæmt 62. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Þar segir að gróður meðfram vatnsföllum og vötnum sé verndaður og að forðast skuli röskun hans. Framkvæmdir við nýjar brýr og vegstæði yfir Brúnastaðá og Fjarðará, sem fjallað er um í matsáætlun, kunna að raska þessum gróðri.

Í ljósi þess telur Náttúruverndarstofnun að eftirfarandi þurfi að koma fram með skýrari hætti í umhverfismatinu:

- Kortlagning og greining allra vistgerða á áhrifasvæði framkvæmdarinnar, með tilvísun til vistgerðaflokkunar og verndarmats Náttúrufræðistofnunar
- Mat á því hvort vistgerðir falli undir vernd Bernarsamningsins, sbr. skuldbindingar Íslands um verndun tegunda og búsvæða í hættu
- Greining á ástandi, heildarstærð og tengslum vistgerða við nærliggjandi verndarsvæði, s.s. votlendisflákum tengdum Miklavatni
- Mat á raski vistkerfa vegna beinnar röskunar, hljóð- og ljósáhrifa (t.d. fuglalíf, sjá næsta kafla), auk efnistöku og haugsetningar
- Tillögur að mótvægisáðgerðum og mat á möguleikum til endurheimtar raskaðra svæða

## Fuglalíf

Náttúruverndarstofnun bendir á að allir fuglar eru friðaðir samkvæmt lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nema friðun þeirra hafi verið aflétt með reglugerð nr. 456/1995. Friðunin tekur einnig til eggja og hreiðra fugla sem njóta algerrar eða tímabundinnar friðunar. Í 2. mgr. 6. gr. sömu laga segir að ávallt skuli gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum dýrum og búsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun. Við skipulag og landnotkun skal tekið tillit til villtra dýra og búsvæða þeirra, sbr. lög um náttúruvernd og skipulagslög. Þá segir í 4. mgr. 17. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd

---

<sup>1</sup> <http://vistgerdakort.ni.is/>

<sup>2</sup> <https://www.ni.is/is/grodur/vistgerdir/land/starungsmyravist>

að sérstök aðgát skuli höfð í nánd við varplönd fugla og forðast skuli að spilla gróðri sem gegnir vistfræðilegu hlutverki fyrir fugla, s.s. mosa-, lyng- eða hrísrifi.

Í matsáætlun framkvæmdaraðila kemur fram að áhrif framkvæmdarinnar á fuglalíf verði tekin til skoðunar í umhverfismatinu. Sérstaklega er nefnt að metin verði áhrif framkvæmda á Miklavatn og nærliggjandi votlendi, sem telst til mikilvægra fuglasvæða (IBA - VOT-N <sup>73</sup>), þar sem fuglalíf er fjölskrúðugt. Í greinargerð segir að svæðið sé þekkt sem viðkomustaður og varpsvæði margra fuglategunda, m.a. vaðfugla og andfugla, og að fuglaathuganir og mat á búsvæðum verði liður í gagnasöfnun.

Að mati Náttúruverndarstofnunar er jákvætt að fyrirhugað sé að afla gagna um fuglalíf á áhrifasvæði framkvæmdarinnar. Hins vegar er ekki sýnt með skýrum hætti í matsáætlun hvaða aðferðir verða notaðar, hver umfang gagnaöflunar verður, eða hvernig áhrif á fugla verða metin með tilliti til vistgerða, varptíma eða ábyrgðartegunda.

Náttúruverndarstofnun vill einnig vekja athygli á að ýmsar fuglategundir eiga undir höggi að sækja. Miklavatn er alþjóðlega mikilvægt svæði fyrir grágæsir (*Anser anser*) á fjaðrafellitíma, en grágæsastofninn er talinn hafa minnkað undanfarin ár og hefur t.d. verið sett sölubann á tegundina hérlandis til þess að draga úr veiði. Ísland er aðili að AEWA samningnum, sem er alþjóðlegur samningur um verndun votlendisfugla. Grágæsastofninn á Íslandi er í flokki A3 í samningnum, en þar er að finna tegundir þar sem ein aðalhattan sem steðjar að þeim er í hve miklum mæli þær safnast saman á einum stað. Miklavatn er því einn þessara staða og því þarf að sýna mikla aðgát á fjaðrafellitíma grágæsa, þegar þær eiga torvelt með að forða sér.

Láglendistalningar af Suðurlandi sýna einnig marktæka fækkun tegunda á borð við heiðlóu (*Pluvialis apricaria*), lóupræl, spóa, stelka og þúfuttling. Fækkunin er ekki jafn áberandi á landsvísi en gefur tilefni til þess að sýna aðgát við framkvæmdir og sinna ítarlegri undirbúningsvinnu. Ekki er vitað hvað veldur fækkuninni, en ljóst er að þessar tegundir eru viðkvæmar fyrir aukinni landnotkun og breytingum á gróðri og búsvæðum.<sup>4</sup> Flestar þessara vaðfuglategunda nýta vistgerðir sem finnast á svæðinu til varps.

Í matsáætlun er ekki að fullu gerð grein fyrir búsvæðum tegunda, varpsvæðum eða viðkvæmum tímabilum á árinu. Þá vantar einnig mat á sjónrænum og hljóðrænum áhrifum á fugla og hvernig mannvirki og umferð gætu haft langtímaáhrif á varpárangur eða stofnstærð.

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að umhverfismat framkvæmdarinnar þurfi að taka mið af eftirfarandi:

- Að greind verði samsetning fuglategunda sem nýta áhrifasvæðið, með áherslu á varp- og viðkomusvæði, sérstaklega við Miklavatn
- Að metin verði áhrif framkvæmda á búsvæði og mögulegar stofnbreytingar ábyrgðartegunda, til að mynda spóa, heiðlóu, jaðrakan og lóupræl
- Að tekið verði mið af alþjóðlegri verndarskyldu Íslands samkvæmt Bernarsamningnum og AEWA-samningnum

<sup>3</sup> <https://www.ni.is/is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi/miklavatn-i-fljotum>

<sup>4</sup> <https://moi.hi.is/is/mofuglar>

- Að metin verði sjónræn og hljóðræn áhrif framkvæmda á fugla á viðkvæmum tímabilum, einkum á varptíma og fjaðrafellitíma grágæsa
- Að settar verði fram tillögur að mótvægisáðgerðum, s.s. tímasetning framkvæmda utan varptíma og afmörkun svæða sem njóta verndar

Samkvæmt lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd og nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum hvíla skyldur á framkvæmdaraðilum og leyfisveitendum um að tryggja vernd búsvæða fugla og viðhalda líffræðilegri fjölbreytni. Að mati stofnunarinnar þurfa þær skyldur að endurspeglast með skýrari hætti í fyrirliggjandi matsáætlun.

### Friðun plantna

Náttúruverndarstofnun bendir á auglýsingu nr. 1385/2021<sup>5</sup> um friðun æðplantna, mosa og fléttna en samkvæmt henni eru þær plöntur sem friðunin nær til friðaðar hvar sem þær finnast. Markmið friðunarinnar er að vernda og viðhalda fágætum æðplöntum, mosum og fléttum og náttúrulegu gróðurfari og varðveita líffræðilega fjölbreytni í náttúru landsins. Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að fjalla um það í greinargerð hvort friðaðar tegundir séu að finna innan skipulagssvæðisins.

Að mati stofnunarinnar er mikilvægt að umhverfismatið geri ítarlega grein fyrir:

- Friðuðum tegundum samkvæmt auglýsingu nr. 1385/2021
- Kortlagningu á staðsetningu og fjölda friðaðra tegunda ef þær finnast
- Mat á áhrifum framkvæmdarinnar á viðkomandi tegundir og búsvæði þeirra
- Tillögum að verndarráðstöfunum og mögulegum flutningi eða forvörslu ef nauðsynlegt reynist

Náttúruverndarstofnun telur jafnframt mikilvægt að í umhverfismatsskýrslu verði sérstaklega fjallað um það hvort friðaðar tegundir finnast innan framkvæmdasvæðis og hvaða verndarráðstafanir verði viðhafðar ef svo er. Slíkt mat er nauðsynlegt til að uppfylla skyldur samkvæmt náttúruverndarlögum og ábyrgð á vernd líffræðilegrar fjölbreytni.

### Landslag og ásynd

Í matsáætlun framkvæmdaraðila kemur fram að áhrif framkvæmda á landslag og ásynd verði metin með hliðsjón af formgerð lands og landgerðum.

Náttúruverndarstofnun telur jákvætt að metin verði sjónræn áhrif og breytingar á landslagi. Hins vegar er ekki gert nægilega grein fyrir því hvernig áhrif á náttúrulegt landslag og heildræna ásynd svæðisins verði metin í samhengi við að það hluti framkvæmdasvæðisins sé á náttúruminjaskrá.

Mikilvægt er að horft sé til þess að framkvæmdin liggur að hluta um Fjalllendi milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar (nr. 423 á náttúruminjaskrá), einnig nefnt *Hálendi Tröllaskaga*. Samkvæmt skráningu náttúruminjaskrár hefur þetta svæði mikið verndargildi fyrir stórbrotið og hrikalegt landslag með víðáttumiklum útsýnum, giljum, dölum og samfelldum óbyggðum.

---

<sup>5</sup> <https://ust.is/library/sida/Nattura/Pl%c3%b6ntufri%c3%b0un.pdf>

Verndarástæður svæðisins eru fyrst og fremst bundnar við landslagsheildir og sjónræna upplifun, en einnig tengsl við víðerni og ósnortna náttúru.

Að mati Náttúruverndarstofnunar er brýnt að umhverfismatið taki sérstaklega mið af:

- Áhrifum framkvæmda á landslagsheildir og sjónrænt gildi náttúruminjaskráðra svæða, einkum Tröllaskagafjalllendis og Miklavatnssvæðis
- Röskun á ásýnd og formgerð lands vegna vegstæðis, gangamunna, efnistöku og haugsetningar
- Greinargerð um hvernig hönnun framkvæmdarinnar og útfærsla mannvirkja getur verið aðlöguð landslagi, sbr. 69. gr. náttúruverndarlaga

Samkvæmt lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd skal við hönnun og leyfisveitingu framkvæmda gæta að því að mannvirki falli sem best að svipmóti lands og verndarsjónarmiðum vegna landslags og víðerna. Áhrif á landslag þurfa því að vera metin heildstætt, með tilliti til skráðrar verndar og sjónræns gildis náttúrunnar.

### **Mengun**

Í matsáætlun kemur fram að áhrif framkvæmda á hljóðvist og loftgæði verði metin, bæði á framkvæmda- og rekstartíma. Tilgreint er að framkvæmdir, sérstaklega sprengingar og umferð vinnuvéla, geti valdið ryki, hávaða, útblástursmengun og hættu á mengunarslysum. Á rekstartíma verði metin áhrif aukinnar umferðar, einkum við gangamunna.

Að mati Náttúruverndarstofnunar er mikilvægt að umhverfismatið fjalli nánar um áhrif mengunar á vistkerfi og náttúruverðmæti. Á framkvæmdatíma getur ryk og slysamengun haft áhrif á mosa, fléttur og votlendi, og hávaði truflað fuglalíf, einkum á varptíma. Einnig er hættu á leka á efnum í viðkvæm búsvæði. Á rekstartíma getur mengun frá vegsalti, slitlagi og örplasti borist í jarðveg, vatn og gróður, sérstaklega í nágrenni Miklavatns og Hólsdals.

Stofnunin leggur til að í umhverfismatinu verði metin áhrif álags og mengunar á vistgerðir, lífríki og votlendi, og að settar verði fram tillögur að mótvægisáðgerðum og mengunarvörnum á framkvæmdasvæði og við vegrekstur.

### **Valkostir og núllkostur**

Í matsáætlun er tekið fram að metnir verði valkostir fyrir veglínur beggja vegna Fljótaganga. Til skoðunar eru annars vegar veglína A, sem felur í sér nýtt vegstæði að hluta, og hins vegar veglína B sem byggir að hluta á núverandi leið. Í báðum tilvikum er gert ráð fyrir jarðgöngum undir Siglufjarðarskarð og nýjum brúm yfir ár.

Einnig kemur fram að metinn verði svonefndur núllkostur, það er sá kostur að ráðast ekki í framkvæmd. Í greinargerð framkvæmdaraðila segir þó að Vegagerðin telji núllkost ekki koma til greina vegna þess að núverandi vegur sé ófullnægjandi og beri mikla umferð.

Náttúruverndarstofnun bendir á að núllkostur á að vera hluti af þessari greiningu sem viðmið um umhverfisáhrif, þó hann sé ekki talinn raunhæfur til framkvæmda að mati framkvæmdaraðila. Það eitt að núverandi vegur uppfylli ekki öryggiskröfur stjórnvalda er ekki nægileg ástæða til að útiloka núllkostinn, heldur skal greina og leggja mat á hann með hliðsjón af umhverfisáhrifum og öðrum áhrifaflokkum. Þetta felur ekki í sér að hann verði fyrir valinu heldur að umhverfisáhrif annarra kosta séu sett í samhengi við hann.



Að mati stofnunarinnar væri til skoðunar að útfæra þann valkost að endurbæta núverandi veg með takmarkaðri nýframkvæmd í stað nýrrar línu með göngum, sérstaklega ef slíkur kostur gæti dregið úr röskun á votlendi, náttúruminjaskráðum svæðum og fuglasvæðum.

Stofnunin leggur áherslu á að í umhverfismatinu verði:

- Metnir valkostir með tilliti til umhverfisáhrifa og náttúruverndarsjónarmiða
- Rýnt hvort mögulegt sé að bæta og styrkja núverandi veglínu með úrbótum í öryggismálum og aðlögun að landslagi, sem mögulegan valkost með minni umhverfisáhrifum
- Metin áhrif núllkosts á náttúruverðmæti, sérstaklega verndarsvæði og fuglalíf, til samanburðar við áhrif annarra valkosta
- Gerð grein fyrir rökum sem liggja að baki vali framkvæmdaraðila, með hliðsjón af sjónarmiðum um vernd líffræðilegrar fjölbreytni, vistkerfa og landslags

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að núllkostur og endurbygging á núverandi vegi verði ekki útilokaður fyrir fram heldur nýttur sem hluti af faglegri og hlutlægri greiningu á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

**sérfræðingur**

Fróði Guðmundur Jónsson

**sérfræðingur**